



Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
b.t. skrifstofu skattamála  
[postur@fjr.is](mailto:postur@fjr.is)

**Sent í Samráðsgátt stjórnsvalda**

Reykjavík, 9. nóvember 2020

**Efni: Umsögn SI og SA um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt (fjármálaþjónusta o.fl.), mál nr. 227/2020**

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins (saman nefnd „samtökin“) skila sameiginlegri umsögn um ofangreind drög. Umsögn þessi tekur aðeins til þess hluta þeirra er varða lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 („vskl.“).

Samtökin hafa talað fyrir mikilvægi þess að framlengja átakið „*Allir vinna*“ út næsta ár og fagna mjög þeim áformum að framlengja ákvæði til bráðabirgða XXXIII og XXXIV í vskl. til og með 31. desember 2021. Átakið er mikilvægur liður í því m.a. að draga úr svartri atvinnustarfsemi og skapa jákvæða hvata til að eiga viðskipti við heilbrigð fyrirtæki og fagmenn. Átakið hefur haft jákvæð áhrif á starfsemi í bygginga- og mannvirkjagerð og verið liður í því að verja störf á tímum heimsfaraldurs. Samtökin telja þó að endurskoða eigi ákveðna þætti átaksins samhliða framlengingu á úrræðinu.

Í fyrsta lagi ítreka samtökin mikilvægi þess að útvíkka endurgreiðsluheimildina með þeim hætti að hún nái einnig til virðisaukaskatts af vinnu stjórnenda skráningarskyldra ökutækja, stjórnenda farandvinnuvéla og vinnuvéla, sem skráningarskyldar eru í vinnuvélaskrá, á byggingarstað. Jarðvinna er nú með öllu undanskilin heimildinni, sbr. c-lið 5. gr. reglugerðar nr. 690/2020 um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna. Samtökin sjá hvergi í lagatexta né öðrum lögskýringargögnum ástæður þess að jarðvinna sé undanskilin með þessum hætti og skýtur það skökku við, ekki síst þegar horft er til þess að um tímabundið úrræði er að ræða. Ljóst er að jarðvinna er í mörgum tilvikum stór hluti þeirrar vinnu sem unnin er á verkstað og sú vinna sem markar upphaf framkvæmda í kjölfar hönnunar.

Með endurgreiðslunni er m.a. verið að hvetja til nýframkvæmda og því óskiljanlegt að taka jarðvinnu sérstaklega út. Endurgreiðsluheimildin nær yfir allar starfsgreinar mannvirkjagerðar að einni undanskilinni. Verður því ekki betur séð en að hér sé um að ræða mismunun milli starfsgreina í einstaklega erfiðu og ófyrirsjáanlegu árfæði. Samtökin hvetja eindregið til þess að gerðar verði nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar til að fella jarðvinnu undir endurgreiðsluheimildina.



Í annan stað ítreka samtökin þá afstöðu sína að æskilegt sé að útvíkka átakið með þeim hætti að það nái til vinnu manna á verkstæði tengt byggingu íbúðarhúsnæðis og húsgagnaframleiðslu, t.d. sérsmíði á innréttingum, bólstrun o.fl. Vekja samtökin athygli á því að nú þegar er að finna í niðurlagi 2. mgr. 42. gr. vskl. heimild ráðherra til að kveða á um endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum og húseiningum. Er það gert í 10. gr. reglugerðar nr. 440/1990, með áorðnum breytingum. Þá hefur átakið verið útvíkkað enn frekar og nær nú til viðgerða á bifreiðum sem fram fara á verkstæðum.

Í ljósi framangreindra fordæma eru að mati samtakanna engin haldbær rök á þessum tímapunkti sem réttlæta að vinna manna á verkstæði sé undanskilin endurgreiðslunni. Hvetja því samtökin til þess að átakið Allir vinna sé útvíkkað og nái til vinnu manna á verkstæði.

Samtökin telja mikilvægt að frumvarpsdrögunum verði breytt til samræmis við framangreindar athugasemdir en áskilja sér þó rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum þegar frumvarpið liggur fyrir.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

*Jóhanna Klara Stefánsdóttir*  
Jóhanna Klara Stefánsdóttir,  
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

*Heiðrún B. Gísladóttir*  
Heiðrún Björk Gísladóttir,  
Verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði